

## Stjórnarfundur STEFs 13. desember 2019 Fundargerð – útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs miðvikudaginn 12. nóvember 2019 og hófst hann kl 11:00.

Mættir voru: Þórunn Gréta Sigurðardóttir (formaður), Jakob Frímann Magnússon, Óttarr Proppé, Páll Ragnar Pálsson, Sigurður Flosason og Bragi Valdimar Skúlason, Hjálmar H. Ragnarsson. Að auki sat framkvæmdastjórinn, Guðrún Björk Bjarnadóttir, fundinn, sem og Stefán Hilmarsson, forstöðumaður rekstrarsviðs.

Dagskrá fundarins var lögð fram.

Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 12. nóvember og útdráttur úr fundargerð voru samþykkt.
2. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum lagt fram.

Eftirfarandi skjöl voru lögð fram:

- NCB – Future setup for STEF

Farið var yfir framkvæmdina varðandi lokun útibús NCB á Íslandi og hvaða áhrif það muni hafa fyrir útgefendur og meðlimi, sem og skrifstofu STEFs.

Undir þessum lið fór fram almenn umræða um ráðningarkjör starfsmanna STEFs í ljósi yfirstandandi ráðningar nýs forstöðumanns sölu- og innheimtusviðs.

Nokkuð var rætt um aðferðarfræði við val á framlagi Íslands til Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunanna. Ákveðið var að halda áfram þeirri umræðu undir sérstökum lið á næsta stjórnarfundum.

3. Yfirlit yfir úthlutanir ársins lagt fram ásamt skýringargögnum

Farið var yfir helstu breytingar á liðum í úthlutun svo og þróun úthlutana milli ára auk skiptingar á fjárhæðarbil, skiptingar milli aðildarféлага og utanfélagsmanna sem og tekjuhæstu verkin almennt og í bagrunsspilun.

Var stjórn sammála um að stefna að því að hafa á skilagrein betri sundurliðun tekjuliða hvað varðar annars vegar útvarpsspilun og hins vegar hlutdeild í bakgrunnstónlistartekjum.

4. Ákvörðun um útnefningu til verðlauna STEFs (Langspilið)

Ákveðið var að fresta ákvörðunartöku um verðlaunahafa til næsta fundar.

5. Stefnumótun stjórnar

Dagsetning var ákveðin fyrir stefnumótunarvinnuna þann 26. mars kl. 13-17. Framkvæmdastjóra var falið að finna aðila til að halda utan um stefnumótunarvinnuna með stjórn. Þá var ákveðið að bjóða formanni fulltrúaráðsins með á fundinn.

6. Önnur mál

Vegna fyrirspurnar var lögð aftur fram áætlun um fundardaga fram á vor og var hún samþykkt með nokkrum breytingum. Næstu fundir verða sem hér segir:

- Fimmtudagurinn 6. febrúar kl. 13:30
- Miðvikudagurinn 25. mars kl. 11:00
- Fimmtudagurinn 26. mars kl. 13-17 – Stefnumótun stjórnar
- Fimmtudagurinn 30. apríl kl. 13:00
- Miðvikudagurinn 20. maí kl. 11:00 (farið yfir ársreikning)
- Föstudagurinn 22. maí kl. 11:00
- Laugardagurinn 23. maí kl. 11:00 – Aðalfundur nýkjörins fulltrúaráðs

Engin önnur mál voru fram borin.

Fundi slitið kl. 13:20